GOg ef þú getur ekki klappað reyndu þá að Dstappa.

Svo Bbsöngflokkurinn Chaldi sínu Dlagi

og Bbsyngi ekki Csitt af hvoru Dtagi.

ASkúra burtu skítinn, svo einhver vilji líta'inn,

Dtralalala, lalalala, lalalala,

Apússa burtu rykið með kúst á gömlu priki,

Dtralalala, lalalala, lalalala,

GEf þú getur ekki sungið reyndu þá að Dklappa.

GOg ef þú getur ekki klappað reyndu þá að Dstappa.

Svo Bbsöngflokkurinn Chaldi sínu Dlagi

og Bbsyngi ekki Csitt af hvoru Dtagi.

A D A D

G D G D

Bb C D

Bb C D

ASkúra burtu skítinn, svo einhver vilji líta'inn,

Dtralalala, lalalala, lalalala,

APússa, pússa, pússa, pússa, pússa, pússa, pússa,

Dtralalala, lalalala, lalalala,



GEf þú getur ekki sungið reyndu þá að Dklappa.

GOg ef þú getur ekki klappað reyndu þá að Dstappa.

Svo Bbsöngflokkurinn Chaldi sínu Dlagi

og Bbsyngi ekki Csitt af hvoru Dtagi.

Svo Bbsöngflokkurinn Chaldi sínu Dlagi

og Bbsyngi ekki Csitt af hvoru D

**Sex litlar endur**

Sex litlar endur þekki ég

fimm eru mjóar og ein er sver.

Ein þeirra vappar og sperrir stél

fremst í flokki og segir kvakk, kvakk, kvakk.

Niður að sjónum vilja þær

vagga, vibbe, vabbe, vibbe, vabbe til og frá.

Ein þeirra vappar og sperrir stél

fremst í flokki og segir kvakk, kvakk, kvakk.

Segir kvakk, kvakk, kvakk.

Magnús Pétursson

Hljómar C-G-F



**Siggi var úti**

ASiggi var úti með Dærnar í Ahaga,

E7allar Astukku þær E7suður í Amó.

ASmeykur um holtin Dvar hann að Avaga,

E7vissi' hann að Alágfóta E7dældirnar Asmó.

AGagg, gagg, F#mgagg, gaggar Bmtófan í E7grjóti.

AGagg, gagg, F#mgagg, gaggar Bmtófan í E7grjóti.

AGráleitum augunum Dtrúi ég hún Agjóti.

BmGrey E7ið hann ASiggF#mi, hann Bmþorir E7ekki Aheim.



**Skýin**

Við Cskýin felum ekki sólina af illgirni,

við skýin erum bara að kíkja á leiki Gmannanna.

Við skýin sjáum ykkur hlaupa, úúúps.

Í rokinu

Klædd gulum rauðum grænum bláum regn-kápum,

Eins og Cregnbogi Gmeistarans.

Cregnbogi Gmeistarans.

Við Fskýin erum bara Ggrá, bara grá.

Á Fmorgun kemur Csólin

hvar Bbverðum við skýin Eþá?

Við Cskýin felum ekki sólina af illgirni,

við skýin erum bara að kíkja á leiki Gmannanna.

Við skýin sjáum ykkur hlaupa, úúúps.

Í rokinu

Klædd gulum rauðum grænum bláum regn-kápum,

Eins og Cregnbogi Gmeistarans.

Cregnbogi Gmeistarans.

Við Fskýin erum bara Ggrá, bara grá.

Á Fmorgun kemur Csólin

hvar Bbverðum við skýin Eþá?



**Sofðu unga ástin mín**

Sofðu unga ástin mín,
úti regnið grætur.
Mamma geymir gullin þín,
gamla leggi og völuskrín.
Við skulum ekki vaka um dimmar nætur.

Það er margt sem myrkrið veit,
minn er hugur þungur.
Oft ég svarta sandinn leit,
svíða grænan engireit.
Í jöklinum hljóða dauðadjúpar sprungur.

Sofðu lengi, sofðu rótt,
seint mun best að vakna.
Mæðan kenna mun þér fljótt,
meðan hallar degi skjótt,
að mennirnir elska, missa, gráta og sakna.



**Söngur dýranna í Týról**

CHann fór í veiðiferð í gær hann Úlfgang bóndi.

Hann skildi Ghúsið eftir autt og okkur Chér.

Við erum glöð á góðri stund og syngjum saman

Gstemmuna sem hann Helmút kenndi Cmér.

FKöttur, klukka, hreindýr, svín og Cendur, fyrir löngu.

FHófu saman Dbúskap hér og Gsjá.

CJorúloriloíhí, jorúloriloúhú, Gmjá, mjá, mjá, mjá, Caha, ha, ha.

CJorúloriloíhí, jorúloriloúhú, Gmjá, mjá, mjá, mjá, Cmjá



**Stóra brúin fer upp og niður**

DStóra brúin fer upp og niður,

Aupp og niður, Dupp og niður.

Stóra brúin fer upp og niður

Aallan Ddaginn.

DBílarnir aka yfir brúna,

Ayfir brúna, Dyfir brúna.

Bílarnir aka yfir brúna,

Aallan Ddaginn.



DSkipin sigla undir brúna,

Aundir brúna, Dundir brúna.

Skipin sigla undir brúna,

Aallan Ddaginn.

DFlugvélar fljúga yfir brúna,

Ayfir brúna, Dyfir brúna.

Flugvélar fljúga yfir brúna,

Aallan Ddaginn.



DFiskarnir synda undir brúna,

Aundir brúna, Dundir brúna.

Fiskarnir synda undir brúna,

Aallan Ddaginn.



DFuglarnir fljúga yfir brúna,

Ayfir brúna, Dyfir brúna.

Fuglarnir fljúga yfir brúna,

Aallan Ddaginn.

DFólkið gengur yfir brúna,

Ayfir brúna, Dyfir brúna.

Fólkið gengur yfir brúna,

Aallan Ddaginn.

DKrakkarnir hlaupa yfir brúna,

Ayfir brúna, Dyfir brúna.

Krakkarnir hlaupa yfir brúna,

Aallan Ddaginn.

**Syngjandi hér, syngjandi þar**

viðlag
Syngjandi hér, syngjandi þar,
syngjandi geng ég alls staðar.
Sí og æ – æ og sí,
aldrei fæ ég nóg af því.

Einu sinni ég átti kú,
einu sinni ég átti kú.
Hún sagði' ekki mö, heldur bú bú bú,
já býsna skrýtin var kýrin sú.

viðlag

Einu sinni átti ég geit,
einu sinni átti ég geit.
Hún fékkst aldrei til að fara á beit
því feimin var hún og undirleit.

viðlag

Ég átti hrút og hann var grár,
ég átti hrút og hann var grár.
Svo skipti' hann um lit og eftir ár
hann orðinn var næstum því fjólublár.

viðlag

Ég átti líka hund sem oft svaf fast,
ég átti líka hund sem oft svaf fast.
Og þegar rigndi og það var hvasst,
þá fékk hann alltaf gigtarkast.

viðlag

Ég átti klár sem Kappi hét,
ég átti klár sem Kappi hét.
Og ef ég hnakk minn á hann lét,
hann útaf lagðist og stundi' og grét.




viðlag

Ég átti fugl sem í búri bjó,
ég átti fugl sem í búri bjó.
Hann aldrei söng og aldrei þó
að undir væri leikið á píanó.

viðlag

Ég átti kött sem var klókur og vís,
ég átti kött sem var klókur og vís.
Hann aldrei nennti að eltast við mýs
en át bara kökur og rjómaís.

Viðlag

*Hljómar: F-C-G*



**Strengir**
**Lag: Herdís Egilsdóttir. Texti: Kristján frá Djúpa-læk**

D Steinarnir eru strengir,
A strengina vatnið knýr.

Gaman það væri´ að vita
D hvað í vatnsins huga býr.

Hvaðan skyldi það koma
A hvert er heitið þess ferð!
Síðar á öldum söngsins
D D7 samferða því ég verð.

G Lyngið á líka strengi,
D leikur blærinn á þá
A söngva sorgar og gleði
D D7 er í sálum kveikja þrá.

G Vorljóð draums og vonar
D veröldin syngur öll.
G Berast vil ég með blænum D
G D burt yfir hæstu fjöll.

G Trallalla la, la lalla lalla D lalla, la A la, la lalla lalla D G D A D la,la, la, lalla lalla la

## Tombai, tombai

Tombai, tombai, tombai, tom-
bai,

tombai, tombai, tombai.

Diri don, diri don, diri diri don.

Tralalalala, tralalalala. tralalala-
la la hai!

## Uglan

Það Fvar gömul ugla með oddhvasst nef,

Ctvö lítil eyru og átta litlar klær.

Hún Fsat uppi' í tré og svo komst þú,

þá Cflaug hún í burtu' og sagði: F"Úh-úh-úh."



## Upp á fjall

DUpp, upp, upp á fjall,

upp á fjallsins brún.

Niður, niður, niður, niður

A7alveg niður' á Dtún.

## Tröllalagið, ljónin og draugarnir

Hátt upp í fjöllunum

þar búa tröllin;

tröllamamma, tröllapabbi

og litli Trölli-Rölli.

„Bö!“ Sagði tröllamamma.

„Bö!“ Sagði tröllapabbi.

En hann litli Trölli-Rölli

sagði bara ,,Gúgú”



Langt inní skóginum

Þar búa ljónin;

Ljónamamma, ljónapabbi

Og litli Ljónsi-fljónsi.

,,Rawr” sagði ljónamamma

,,Rawr” sagði ljónapabbi.

En hann litli Ljónsi-Fljónsi

Sagði bara ,,Mjááw”.

Hátt uppá loftinu

Þar búa  draugar;

Draugamamma, draugapabbi

Og litli vasaklútur.

,,Búú” sagði draugamamma,

,,Búú” sagði draugapabbi.

En hann litli vasaklútur

Sagði bara ,,Aaatjsú”.

*Hljómar C-G-D*

**Upp á grænum hól**

CUpp á grænum, grænum, himinháum hól

sá ég Ghérahjónin Gganga.

Hann með trommu, bom, bom, bombo-
rombom-bom,

hún með Gfiðlu sér við vanCga.

Þá Glæddist að þeim Cljótur byssukarl

hann Gmiðaði í Chvelli,

en hann hitt bara trommuna sem small

og þau G hlupu og héldu Cvelli.



**Við erum vinir**

Við erum vinir, við erum vinir
ég og þú, ég og þú.
Leikum okkar saman, leikum okkur saman.
Ég og þú, ég og þú.



**Við erum söngvasveinar**

Við Gerum söngvasveinar

á D7leiðinni' út í Glönd,

við erum söngvasveinar

á D7leiðinni' út í Glönd,

við leikum á flautu,

á D7skógarhorn, á Gskógarhorn,

við leikum á flautu,

D7fiðlu' og skógarGhorn.

Og við skulum dansa hoppsasa,

D7hoppsasa, Ghoppsasa.

Við skulum dansa hoppsasa,

D7húllumGhæ.

**Við erum góð, góð við hvert annað**

*(Lag: Grænt, grænt, grænt er..)*

Við erum góð, góð hvort við annað.
stríðum ekki eða meiðum neinn.
Þegar við grátum huggar okkur einhver,
Þerrar tár og klappar okkar kinn. (2x)

*Hljómar D-G-D*

## Vikivaki

Sunnan yfir sæinn breiða

sumarylinn vindar leiða.

Draumalandið himinheiða hlær - og opnar skautið sitt.

Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt !

Gakk þú út í græna lundinn,

gáðu fram á bláu sundin.

Mundu, að það er stutt hver stundin, stopult jarðneskt yndi þitt.

Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt !

Allt hið liðna er ljúft að geyma - láta sig í vöku dreyma.

Sólskinsdögum síst má gleyma, segðu engum manni hitt !

Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt.

Lag: Valgeir Guðjónsson Texti: Jóhannes úr Kötlum Birt með góðfúslegu leyfi höfundar



## Vísurnar um refinn

Ég raula raunakvæði
um refinn sem hér býr.
Í græðgi vill hann gleypa
hin góðu skógardýr.
Já þett´er sorgarsöngur víst
því sagan illa fer.
Hæ fallerafaddí rúllanræ
nú verstur endir er.




Einn dag hann var á
veiðum
þar voru músahús..
Þá rak hann gular glyrnur
í gráa litla mús.
“Ég tek þig” sagði tæfan þá
upp trjábol músin rann.
Hæ fallerafaddí rúllanræ
hún fylgsni öruggt fann.

Þá varð hann súr á svipinn
og sagði: “Gott hjá þér,
en bíddu bara góða
ég bíða skal þín hér.”
Svo tautar hann við sjálfan sig,
“þú síðsta leikinn átt.”
Hæ fallerafaddí rúllanræ
“hún bröltir niður brátt.”

En Mikki mátti bíða
og músin engu kveið.
Þú heyra skalt hvað skeði
hjá skrögg er vikan leið
þó hungrið alveg ærð´ann
og enga veitti ró.
Hæfallerafaddí rúllanræ
hann datt um koll og dó.

**Það búa litlir dvergar**

Það búa litlir dvergar í björtum dal
á bak við fjöllin háu í skógarsal.
Byggðu hlýja bæinn sinn,
brosir þangað sólin inn.
Fellin enduróma allt þeirra tal.



**Það var eitt sinn kónguló**

Það var eitt sinn könguló

sem hafði átta fætur
Því þurfti hún að fara
-snemma á átta fætur
-og fara í skóna
-og reima skóna
á átta fætur!

Hún taldi: Einn, tveir, þrír, fjórir,
fimm, sex, sjö, - átta fætur !
Tralalalla! Ummhumhummhummum!
Tralalalla!

*Hljómar C– G*

**Þú sólargeisli**

Þú sólargeisli
Þú sólargeisli sem gægist inn
og glaður skýst inn um gluggann minn.
Mig langar svo til að líkjast þér
og ljósi varpa á hvern sem er.



**Þegar barnið í föt sín fer**

**(Lag: skvetta,falla, hossa'og hrista)**

Þegar barnið í föt sín fer

fjarska margt að læra þörf er hér,

fyrst er reynt að hneppa hnapp,

í hnappagatið loks hann slapp,

renna lás og reima skó,

reyndar finnst mér komið nóg.

Þetta er gjörvallt í grænum sjó.

Við skulum hneppa, renna, smella, hnýta,

hneppa, renna, smella, hnýta,

hneppa, renna, smella, hnýta,

hnýta slaufu á skó.

**Það er skemmtilegast**

Það er skemmtilegast að leika sér
þegar allir eru með.
Í stórum hóp inn um hlátrarsköll
geta ævintýrin skeð.
Svo vertu velkominn (klapp klapp)
nýi vinur minn. (klapp klapp)
Það er skemmtilegast að leika sér
þegar allir eru með.

Það er ótrúlegt hverju lítið bros
fengið getur breytt.
Getur glatt og huggað jafnvel þá
sem við þekkjum ekki neitt.
Svo vertu velkominn (klapp klapp)
nýi vinur minn. (klapp klapp)
Það er skemmtilegast að leika sér
þegar allir eru með.

*/Hafdís Huld Þrastardóttir*
*og Alistair Wright*



**Það var einu sinni api**

Það var einu sinni api
í ofsa góðu skapi.
Hann vildi ekki grautinn
en fékk sér banana.
Bananana, (smell, smell),
bananana, (smell, smell).
Bananana, bananana,
bananana
(smell, smell)

Það var í örkinni hans Nóa
að dýrin fóru að róa.
Hestur, hundur, hæna
og líka krókódíll.
Krókókódíll (smell, smell),
Krókókódíll (smell, smell).
Krókókódíll, krókókódíll,
krókókódíll
(smell, smell)



Það var einu sinni slanga
Sem slungin var að hanga
Hún þoldi ekki apa
En fékk sér banana.

Bananana, (tss, tss),
bananana, (tss, tss).
Bananana, bananana,
bananana
(tss, tss)

Það var einusinni hestur
Sem hélt hann væri prestur
Hann vildi ekki heyið,
En fékk sér banana

*Hljómar: C-D-G*

# Hreyfisöngvar

## Á bjargi

Á sandi byggði heimskur maður hús (x3)

Og þá kom steypiregn.

Og þá kom steypiregn og vatnið  óx og óx (x3)

Og húsið á sandinu féll.

Á bjargi byggði hygginn maður hús x3

Og þá kom steypiregn.

Og þá kom steypiregn og vatnið óx og óx (x3)

## A ramm samm samm

:,:Aa ramm samm samm:,:

Gúllí gúllí gúllí gúllí

gúllí ramm samm samm

:,:Aa ramm samm samm:,:

Gúllí gúllí gúllí gúllí

gúllí ramm samm samm

:,:Hér er ég, hér er ég

Gúllí gúllí gúllí gúllí

gúllí ramm samm samm:,:

## Bangsi lúrir



Bangsi lúrir, bangsi lúrir

bæli sínu í.

Hann er stundum

stúrinn

stirður eftir lúrinn.

Að hann sofi, að hann sofi

## Bátasmiðurinn

Ég Dnegli og saga

og Gsmíða mér Dbát

og A7síðan á Dsjóinn

ég A7sigli með Dgát.

Og Dbáturinn vaggar

og Gveltist um Dsæ

ég A7fjörugum Dfiskum

með A7færinu Dnæ.

## Druslulagið (Við setjum svissinn á)



Við setjum svissinn á

og við kúplum

gírnum frá,

þá er startað og druslan fer í gang.

Það er enginn vandi að aka bifreið



## Ding Dong

,,Ding dong," sagði lítill grænn froskur einn dag.
,,Ding dong," sagði lítill grænn froskur.
,,Ding dong," sagði lítill grænn froskur einn dag
og svo líka ,,ding dong spojojojojo."



,,Mm ee," sagði lítil græn eðla einn dag.
,,Mm ee," sagði lítil græn eðla.
,,Mm ee," sagði lítil græn eðla einn dag
og svo líka ,,mm ee bleleleleeeee."

,,King kong," sagði stór svartur api einn dag.
,,King kong," sagði stór svartur api.
,,King kong," sagði stór svartur api einn dag
og svo líka ,,king kong ohohohohoh."

,,Mjá mjá," sagði lítil grá kisa einn dag.
,,Mjá, mjá," sagði lítil grá kisa.
,,Mjá mjá," sagði lítil grá kisa einn dag
og svo líka ,,mjá, mjá, mjáááááá."

,,Blúbb blúbb," sagði lítill blár fiskur einn dag.
,,Blúbb blúbb," sagði lítill blár fiskur.
,,Blúbb blúbb," sagði lítill blár fiskur einn dag
og svo líka ,,blúbb blúbb blúbbblúbbblúbbblúbbblúbb."

,,Dsss dsss," sagði lítil gul fluga einn dag.
,,Dsss dsss," sagði lítil gul fluga.
,,Dsss dsss," sagði lítil gul fluga einn dag
og svo líka ,,dsss dsss dsssssssssss."

,,Voff voff," sagði lítill brúnn hundur einn dag.
,,Voff voff," sagði lítill brúnn hundur.
,,Voff voff," sagði lítill brúnn hundur einn dag
og svo líka ,,voff voff voffvoffvoffvoffvoff."

## Ég ætla að syngja

Ég ætla að syngja
Ég ætla að syngja
Ég ætla að syngja lítið lag.
Hérna eru augun,
hérna eru eyrun,
hérna er nebbinn minn
og munnurinn.

Ég ætla að syngja
Ég ætla að syngja
Ég ætla að syngja lítið lag.
Hérna er bringan,
hérna er naflinn,
hérna er rassinn minn
og búkurinn.

Ég ætla að syngja
Ég ætla að syngja
Ég ætla að syngja lítið lag.
Hérna eru fingurnir,
Hérna er höndin,
Hérna er olnboginn
Og handleggurinn.

*Lag og texti: Fjóla Ólafsdóttir*

*Hljómar: C-G-F*



## Ég elska blómin

C Am Ég elska blómin
Dm G7 Ég elska liljurnar
C Am Ég elska fjöllin
Dm G7 Ég elska brekkurnar
C Am Ég elska varðeldinn
Dm G7 þegar húmar að.
C Búmmdídí jatsí Am
Búmmdídí jatsí
Dm Búmmdídí jatsíG7
Búmmdídí jatsí - Búm



## Ég er rauður lítill héri

Ég er rauður lítill héri
Og sjáðu hvað ég geri
Ég hoppa og skoppa
Og snú mér í hring
Og svo kann ég að hoppa
Og fótunum að stappa
Og svo kann ég að telja
Einn og tveir og þrír.

*Hljómar C-F-G*



## Ég sendi þér fingurkoss (Vinir)

Ég sendi þér fingurkoss, (koss) (blás)

Ég sendi þér fingurkoss, (koss) (blás).

Því við erum allra bestu, bestu, bestu, vinir, vinir,

allra bestu, bestu, bestu vinir!

Ég vinka og veifa þér, (vink) (veif)

Ég vinka og veifa þér, (vink) (veif).

Því við erum allra bestu, bestu, bestu, vinir, vinir,

allra bestu, bestu, bestu vinir!

Ég brosi breitt til þín (júhú)

því þú ert gleðin mín, (júhú)

Því við erum allra bestu, bestu, bestu, vinir, vinir,

allra bestu, bestu, bestu vinir!

Lag og texti: Helga Jónsdóttir

## Ein ég sit og sauma

Ein ég sit og sauma inni í litlu húsi,

enginn kemur að sjá mig nema litla músin.

Hoppaðu upp og lokaðu augunum,

bentu í austur, bentu í vestur,

bentu á þann sem að þér þykir bestur.



## Fílaleiðangur

Einn fíll lagði af stað í leiðangur,

lipur var ei hans fótgangur.

Takturinn fannst honum heldur

tómlegur,

svo hann tók sér einn til viðbótar.

Tveir fílar lögðu af stað í leiðangur,

lipur var ei þeirra fótgangur.

Takturinn fannst þeim heldur tómlegur,

svo þeir tóku sér einn til viðbótar.

Þrír fílar o.s.frv.



## Fimm litlir apar

Fimm litlir apar sátu uppi‘ í tré,

þeir voru‘ að stríða krókódíl:

„Þú nærð ekki mér!“

Þá kom hann herra Krókódíll

svo hægt og rólega og ... amm!

Fjórir litlir apar ...

Þrír litlir apar ...

Tveir litlir

apar ...

Einn lítill api ..

*Hljómar C-G*



## Fimm litlir apar hoppa á dýnu

Fimm litlir apar hoppa á dýnu,
einn datt af og meiddi sig pínu.
Mamma kyssti‘ á bágtið og sagði‘: ,,Allt í fínu,
en nú mega ekki fleiri
apar hoppa á dýnu.“



Fjórir litlir ...
Þrír litlir ...
Tveir litlir ...
Einn lítill ...

## Fingurnir+ Tásurnar

Einn lítill, tveir litlir, þrír litlir fingur
Fjórir litlir, fimm litlir, sex litlir fingur
Sjö litlir, átta litlir, níu litlir fingur
Tíu litlir fingur á hendi.

Ein lítil, tvær litlar, þrjár litlar tásur
Fjórar litlar, fimm litlar, sex litlar tásur
Sjö litlar, átta litlar, níu litlar tásur
Tíu litlar tásur á fæti.

## Gjúggíbú

Gjúggíbú, hvar ert þú?
Nú sé ég ekki neitt
Gjúbbíbú, þarn’ert þú!
Sem brosir svona breitt !

## Hákarla-lagið

Það var stelpa da-da-da-da-da-da-da!
Það var strákur da-da-da-da-da-da-da!
Þau fóru að synda da-da-da-da-da-da-da!
Þau syntu lengra da-da-da-da-da-da-da!
EN, það voru HÁKARLAR í
sjónum!"Waaaaaa!" (Allir öskra)

Pabbi hákarl da-da-da-da-da-da-da!
Mamma hákarl da-da-da-da-da-da-da!
Litli hákarl da-da-da-da-da-da-da!
Afi hákarld a-da-da-da-da-da-da!
Amma hákarl da-da-da-da-da-da-da!
Diskó hákarl da-da-da-da-da-da-da!
Vitlaus hákarl da-da-da-da-da-da-da!
Stóri hákarl da-da-da-da-da-da-da!
Þeir bitu í hönd da-da-da-da-da-da-da!
og aðra hönd da-da-da-da-da-da-da!
Þeir bitu í fót da-da-da-da-da-da-da!
og annan fót da-da-da-da-da-da-da!
Af því að þetta voru... ...HÁKARLAR!
"waaaaaaaa!" (Allir öskra)



## Hjólin á strætó



Hjólin á strætó snúast
hring, hring,hring,
hring hring hring, hring
hring hring.
Hjólin á strætó snúast hring hring hring.
Út um allan bæinn

Hurðirnar á stætó opnast út og inn,
út og inn, út og inn.
Hurðirnar á strætó opnast út og inn.

Flautan í strætó segir bíb bíb bíb,
bíb bíb bíb, bíb bíb.
Flautan í strætó segir bíb bíb bíb.
Út um allan bæinn.

Fólkið í stætó segir bla, bla, bla, bla, bla
bla, bla, bla, bla!
Fólkið í strætó segir bla bla bla.
Út um allan bæinn.

Börnin í strætó hlæja hí hí hí,
hí hí hí, hí hí hí.
Börnin í strætó hlæja hí hí hí.
Út um allan bæinn.



Bílstjórinn í strætó segir sss sss
sss.
Sss sss sss sss.
Bílstjórinn í strætó segir sss sss
sss.
Út um allan bæinn.

*Hljómar C og G*

## Höfuð, herðar, hné og tær

:,:Höfuð, herðar, hné og tær, hné og
tær.:,:
Augu, eyru, munnur og nef,
höfuð, herðar, hné og tær, hné og
tær.

:,:Hnakki, kinnar, haka, háls, haka,
háls.:,:
Bringa, magi, bak og rass,
hnakki, kinnar, haka, háls, haka, háls.

## Hóký póký

Við setjum hægri höndina inn,
við setjum hægri höndina út,
við setjum hægri höndina inn
og hristum hana til.
Við gerum hóký póký
og snúum okkur í
hring



þetta er allt og
sumt.
Ó hóký, hóký, póký.
Ó hóký, hóký, póký.
Ó hóký, hóký, póký.
Þetta er allt og sumt.

(Sungið eins um vinstri hönd,
hægri fót, vinstri fót, hægri
mjöðm og vinstri mjöðm).

## Hresstu þig við

CHresstu þig við, liðkaðu lið.

GDúddelí-dú, dúddeí-dú.

Laust og létt, lipurt og þétt.

CDúddelí-dú, dúddelí-dú.

CLáttu nú hendurnar C7hraðara ganga,

Fhreyfðu nú á þér skankana langa.

CDúddelí-dú, Gdúddelí-dú.

G7Byrjum aftur Cnú.

CKlapp fyrst á hné, svo hendurnar með,

GDúddelí-dú, dúddeí-dú.

Nef og brjóst, nef og brjóst,

CSvo allt verði ljóst, svo allt verði ljóst.

CLáttu nú hendurnar C7hraðara ganga,

Fhreyfðu nú á þér skankana langa.

CDúddelí-dú, Gdúddelí-dú.

G7Byrjum aftur Cnú.

## Hreyfa litla fingur

DHreyfa litla Afingur, hreyfa litla

Dfingur, hreyfa litla Gfingur og Dfrjósa

Aeins og Dskot.

Hreyfa litlar tásur....... Hreyfa litla rassa....
Hreyfa lítil augu........ Hreyfa litlar fætur...
Hreyfa lítil nef........ Hreyfa okkur sjálf....
Hreyfa litla munna.... Hreyfa okkur sjálf...
Hreyfa litlar hendur.....

## Í rigningu ég syng



Í rigningu ég syng,

í rigningu ég syng,

það er stórkostlegt veður,

mér líður svo vel.

Armar fram og armar að.

Tjutti tja, tjutti tja, tjutti tja tja

Lýsing:

lagið endurtekið og lið 2-6 bætt við

2. Beygja hné.
3. Rassinn út.
4. Inn með tær.
5. Hakan upp.
6. Út með tungu.

## Jón í kassagerðinni

ESæl.

Ég heiti Jón.

og ég vinn, í kassagerðinni.

AUm daginn, kom forstjórinn inn til mín og sagði:

ESæll, Jón ertu upptekinn"

og ég sagði: BNei, svo ég snéri Askífunni með..E.

(vinstri hendinni, hægri hendinni, vinstri fætinum, afturendanum, höfðinu....)

## Kalli litli kónguló

Kalli litli kónguló klifraði upp á þak
þá kom rigning og Kalli litli datt.
Upp kom sólin og þerraði hans kropp,
Kalli litli kónguló klifraði upp í topp.

Kalli litli kónguló klifrar upp í rúm
Það er komið kvöld og allt er orðið hljótt.
Mamma kemur inn og býður góða nótt.
Kalli litli kónguló sofnar vært og rótt.



## Krókódíll í lyftunni minni

Það er krókódíll í lyftunni minni

ég er soldið smeyk við hann - Ó nei!

Það er krókódíll í lyftunni minni

og hann getur étið mann!

O-O-O!Krókódíll! (klapp klapp)

Förum (klapp klapp) á fyrstu hæð!

Þú færð ekki að éta mig,

því að það er ÉG sem ræð!O.s.fr



Hægt að skipta krókódíl út fyrir hákarl, risaeðlu osfrv.

*Hljómar:*

*Am– E– Am-*

*C-G-C*

*F-C-G-C*

*F-C—E– Am*

## Litli Óli í skógi



Litli Óli í skógi.
Milli trjánna hann reikar.
Og svo allt í einu sér hann,
stóran **skógarbjörn.**
Aaaaaaaaaaaaaaahh
,,Holli rassi hía,
holli rassi hí, grr grr" (x3)
Holli rassi hía hú.
Litli Óli í skógi.
Milli trjánna hann reikar.
Og svo allt í einu sér hann,
lítinn sætan **hvolp.**
Aaaaaaaaaaaaaaahh
,,Holli rassi hía,
holli rassi hí, grr grr, hah hah" (x3)
Holli rassi hía hú.
Litli Óli í skógi.
Milli trjánna hann reikar
Og svo allt í einu sér hann,
stóra **mjólkurkú.**
Aaaaaaaaaaaaaaahh
,,Holli rassi hía,
holli rassi hí, grr ,grr, hah hah, tss tss" (x3)
Holli rassi hía hú.
Litli Óli í skógi
milli trjánna hann reikar
og allt í einu sér hann,
sæta **mjólkurstelpu**.
Aaaaaaaaaaaaaaahh
,,Holli rassi hía,
holli rassi hí, grr grr, hah hah, tss tss, atjúkku tjú" (x3)
Holli rassi hía hú.
Litli Óli í skógi
milli trjánna hann reikar
og allt í einu sér hann
stóran **kraftakarl**.
Aaaaaaaaaaaaaaahh
,,Holli rassi hía,
holli rassi hí, grr grr, hah hah, tss tss, atjúkku tjú, vöööö (x3)
Holli rassi hía hú.

## Litlu andarungarnir

CLitlu andarungarnir,

Fallir synda Cvel,

Fallir synda Cvel.

G7Höfuð hneigja í Cdjúpið

og G7hreyfa lítil Cstél. C7

FHöfuð hneigja í Cdjúpið

og G7hreyfa lítil Cstél.

CLitlu andarungarnir

Fætla út á Chaf,

Fætla út á Chaf.

G7Fyrst í fjarlægð Cskima

og G7fara svo í Ckaf. C7

FFyrst í fjarlægð Cskima

og G7fara svo í Ckaf.



## Risatröll

Hérna koma nokkur risa tröll. Hó! Hó!
Þau öskra svo það bergmálar um fjöll. Hó! Hó!
Þau þramma yfir þúfurnar svo fljúga burtu dúfurnar,
en bak við ský er sólin hlý í leyni
hún skín á tröll, þá verða þau að steini!
*Hljómar: Am– E– Dm-*



## Sértu glaður skaltu klappa höndunum/If you're happy and you know it

Sértu glaður, klappaðu með höndunum.

Sértu glaður, klappaðu með höndunum.

Sértu alveg ofsaglaður, alveg ofsaglaður maður, Sértu glaður klappaðu með höndunum.

Sértu glaður stappaðu með fótunum....

Sértu glaður skaltu smella með fingrum....

Sértu glaður skaltu smella með vörunum..

Sértu glaður skaltu blikka með augunum.....
Sértu glaður skaltu banka í þinn haus.....
Sértu glaður skaltu snúa þér í hring......

If your happy and you know it, clap your hands
Clap, clap
If your happy and you know it clap your hands
Clap clap
If your happy and you know it, then your face will surely show it
If your happy and you know it, clap your hands
Clap clap

If your happy and you know it, stomp your feet
Stomp, stomp
If your happy and you know it stomp your feet
Stomp, stomp
If your happy and you know it, then your face will surely show it
If your happy and you know it, stomp your feet
Stomp, stomp

If your happy and you know it, pat your head
Pat, pat
If your happy and you know it pat your head
Pat, pat
If your happy and you know it, then your face will surely show it
If your happy and you know it, pat your head
Pat, pat
If your happy and you know it, turn around!
Turn around!
If your…

*Hljómar: C– G –F*



## Sláðu og sláðu

Sláðu og sláðu með einum hamri,
sláðu og sláðu með einum hamri,
sláðu og sláðu með einum hamri,
sláðu í allan dag.

Sláðu og sláðu með tveimur hömrum.....
Sláðu og sláðu með þremur hömrum ......
Sláðu og sláðu með fjórum hömrum....
Sláðu og sláðu með fimm hömrum.....
*Hljómar: C-G-F*

## Tilfinningablús

Ég finn það ofan í maga o-ho
Ég finn það niður í fætur o-ho
Ég finn það fram í hendur o-ho
Ég finn það upp í höfuð o-ho
Ég finn það hér og hér og hér og hér
og hér og hér og hér
Hvað ég er reið (glöð/ leið/ þreytt / hress o.s.frv.)
Hér inni í mér.

## Tvö skref til hægri

**C**Tvö skref til hægri
og tvö skref til vinstri.
**F**Beygja arma, **C**rétta arma,
**G7**klappi, klappi, **C**klapp.

**C**Hálfan **G**hægri hring,
hálfan **C**vinstri hring.
**F**Hné og magi, **C**brjóst og enni,
**G7**klappi, klappi, **C**klapp.

## Stóra brúin

**D**Stóra brúin fer upp og niður,
**A**upp og niður, **D**upp og niður.
Stóra brúin fer upp og niður
**A**allan **D**daginn.

Bílarnir aka yfir brúna,
yfir brúna, yfir brúna.
Bílarnir aka yfir brúna,
allan daginn!

Skipin sigla undir brúna,
undir brúna, undir brúna.
Skipin sigla undir brúna,
allan daginn!

Flugvélar fljúga yfir brúna,
yfir brúna, yfir brúna.
Flugvélar fljúga yfir brúna,
allan daginn!

Fiskarnir synda undir brúna,
undir brúna, undir brúna.
Fiskarnir synda undir brúna,
allan daginn!

Fuglarnir fljúga yfir brúna,
yfir brúna, yfir brúna.
Fuglarnir fljúga yfir brúna,
allan daginn!

Börnin ganga yfir brúna,
yfir brúna, yfir brúna.
Börnin ganga yfir brúna,
allan daginn!



## Uglan



Það var gömul ugla með odd-
hvasst nef,
tvö lítil eyru og átta litlar klær.
Hún sat uppi‘ í tré og svo komst þú,
þá flaug hún í burtu‘ og sagði: ,,Ú-ú-ú.“

*Hljómar– C og G*

## Upp á grænum grænum

CUpp á grænum, grænum, himinháum hól
sá ég Ghérahjónin G-C ganga.
Hann með trommu, bom, bom, bombo-
rombom-bom,
hún með Gfiðlu sér við vanCga.
Þá Glæddist að þeim Cljótur byssukarl
hann Gmiðaði í Chvelli,
en hann hitt bara trommuna sem small
og þau Ghlupu og héldu Cvelli.

## Við klöppum öll í einu

Við klöppum öll í einu,
við klöppum öll í einu,
við klöppum öll í einu,
það líkar okkur best.

*Hljómar– C og G*
Leiklýsing:
Allir syngja lagið og klappa taktinn.
Svo má bæta við erindum, næst má
t.d. stappa, síðan hoppa o.s.frv.



## Við erum söngvasveinar

Við Gerum söngvasveinar
á D7leiðinni' út í Glönd,
við erum söngvasveinar
á D7leiðinni' út í Glönd,
við leikum á flautu,
á D7skógarhorn, á Gskógarhorn,
við leikum á flautu,
D7fiðlu' og skógarGhorn.
Og við skulum dansa hoppsasa,
D7hoppsasa, Ghoppsasa.
Við skulum dansa hoppsasa,
D7hoppsaGsa

## Vindum, vindum vefjum band

Vindum, vindum, vefjum band,
vefjum fallegt húfuband,
fyrir [Siggu] höfuð hneigja,
fyrir [Siggu] hné sín beygja.
Svo skal [Sigga] snúa sér.

# Þulur

## Að telja úr

Eni, meni, ming, mang, kling, klang.
Úsi, búsi, bakka dæ, æ, væ, vekk með dæ.

Úllen dúllen doff,
kikki lane koff.
Koffe lane bikke bane,
úllen dúllen doff.

Ugla sat á kvisti.
Átti börn og missti.
Ól hún eitt, ól hún tvö,
ól hún þrjú, og það varst þú.

Andrés önd fór út í lönd fékk sér eldrauð axlabönd.
Mikki mús, byggði hús, húsið brann og Mikki rann, ofan í kjallarann.

Oggi goggi gúmi klaki, elli pelli pikk og pú. Flinstón og frú og það ert þú. Jabba dabba dú.

Tvær litlar mýs, stukku út á ís
polli volli, dúllí volli dei.
Ein hét Unnur
og ísinn var þunnur
polli volli, dúllí volli dei
Hin hét Inga
og ísinn var að springa
polli volli, dúlli volli dei.
og ísinn sprakk og Unnur datt
polli volli, dúlli volli dei.

## Ávextirnir



Appelsínur og epli
Vaxa á trjánum
Þegar þau þroskast
Þá falla þau niður.

(hægt að syngja með laglínu „Bí bí og blaka“).

## Fagur fiskur í sjó

Fagur fiskur í sjó
brettist upp á halanum
með rauða kúlu á maganum.
Vanda, banda,
gættu þinna handa.
Vingur, slingur,
vara þína fingur.
Fetta, bretta
svo skal högg
á hendi (þína)
detta.



### Fingraþula

Þumalfingur er mamman,

sem var mér vænst og best.

Vísifingur er pabbinn

sem gaf mér rauðan hest.

Langatöng er bróðir

sem býr til falleg gull.

Baugfingur er systir

sem prjónar sokka úr ull

Litli fingur er barnið

sem leikur að skel

litli pínu anginn sem dafnar svo vel

Hér er allt fólkið svo fallegt og nett.

Fimm eru í bænum ef talið er rétt.

Ósköp væri gaman hér í þessum heimi,

ef öllum kæmi saman jafn vel og þeim.



## Klukkurím

Klukkan eitt, eta feitt

Klukkan tvö, baula bö.

Klukkan þrjú, mjólka kú

Klukkan fjögur, kveða bögur.

Klukkan fimm, segja bimm.

Klukkan sex, borða kex.

Klukkan sjö, segja Ö.

Klukkan átta, fara að hátta.

Klukkan níu, veiða kríu.

Klukkan tíu, kyssa píu.

Klukkan ellefu fleyta kerlingu.

Klukkan tólf, ganga um
gólf.




## Sól skín á fossa

„Sól skín á fossa" segir hún Krossa

„Hvar á að tjalda?" segir hún Skjalda

„Suður við ána" segir hún Grána

„Rýkur á Eið" segir hún Reyður

„Hulin er þúfa" segir hún Húfa

„ Ég vil fjósið finna" segir hún Kinna

„Ég skal töðuna tyggja" segir hún Fryggja

„Ég skal fylla mína hít" segir hún Hvít

„Ég skal éta sjálfur" segir hann kálfur

„Ég ét sem ég þoli" segir hann stóri boli

„Ég skal aka Steinmóði til Staðar,

ef hann getur ekki þagað"

## Þulan um líkamann

Er þetta penni? - Nei, þetta er enni.

Er þetta kaka? -Nei, þetta er haka.

Er þetta Stebbi? - Nei, þetta er nebbi.

Er þetta Unnur? - Nei, þetta er munnur.

Er þetta tár? - Nei, þetta er hár.

Er þetta lunga? - Nei, þetta er tunga.

Er þetta skinn? - Nei, þetta er kinn.

Er þetta önd? - Nei, þetta er hönd.

Er þetta slingur? - Nei, þetta er fingur.

Er þetta hagi? - Nei, þetta er magi.

Eru þetta skæri? - Nei, þetta er læri.

Er þetta tré? - Nei, þetta er hné.

Er þetta gil? - Nei, þetta er il.

Er þetta ká? - Nei, þetta er tá.

Er þetta skass? - Nei, þetta er rass.



## Þessi datt í sjóinn

(Bent á fingurna)

Þessi datt í sjóinn, þessi dró hann upp.

Þessi bar hann heim, þessi horfði á

og litli putti spillemann

kjaftaði öllu frá.



# Nafnalög og vísur

**Dansar á pallinum**

(Nöfn barnanna sett í eyðurnar).

.... dansar á pallinum,

en .... skellihlær.

....  er á sokkunum

og .... datt í gær.

.... keyrir bíl með ..... í

og .... kastar bolta til ....

*Hljómar: C-G-F*

**Hey balúba**

Hey, balúba (hey, balúba)

Hey, hey, balúbalei (hey, hey, balúbalei)

oij oij oij (oij oij oij)

Balú, balú, baggasei (balú, balú, baggasei)

**Nú skulum við segja hvað við heitum**

:,:Nú skulum við segja hvað við heitum:,:

Hvað heitir þú?

:,:"Jóna", "Jóna", já-já-já:,:

**Datt í sjóinn**

Siggi datt í sefið og missti af sér nefið pollý vollý dúlli vollí dei,

svo kom hann/hún upp úr sefinu og hélt á stóra nefinu pollý vollý dúllí vollí dei.

... datt í brunninn og missti af sér munninn

... datt í balann og missti af sér halann

... datt í ána og missti af sér tána

... datt á sárið og missti af sér hárið

... datt um bunguna og missti úr sér tunguna

... datt um staflann og misst af sér naflann

... datt í sjóinn og missti af sér skóinn



**Kolakassinn**

“Siggi” datt í kolakassann,
hæ fadderí fadde rallala.
"Anna” átti’ að passa’ hann,
hæ fadderí fadde rallala.

Ef hún "Jóna” vissi það,
þá yrði “Kristinn” alveg steinhissa.
Hæ fadderí, hæ faddera,
hæ fadderí fadde rallala.

# Árstíðasöngvar

## Vetrarlög



### Álfareiðin

CStóð ég úti' í tunglsljósi, Gstóð ég út við Cskóg,
Gstórir komu G7skarar, af álfum var þar Cnóg,
Fblésu þeir í Csönglúðra' og G7bar þá að mér
Cfljótt
og bjöllurnar Fgullu á Gheiðskírri Cnótt,
og bjöllurnar Fgullu á Gheiðskírri Cnótt.

CHleyptu þeir á fannhvítum Ghestum yfir
Cgrund,
Ghornin jóa G7gullroðnu blika við Clund,
Feins og þegar Cálftir af G7ísa grárri Cspöng
fljúga suður Fheiði með Gfjaðraþyt og Csöng,
fljúga suður Fheiði með Gfjaðraþyt og Csöng.

CHeilsaði' hún mér drottningin og Ghló að mér
um Cleið,
Ghló að mér og G7hleypti hestinum á Cskeið.
FVar það út af Cástinni G7ungu, sem ég Cber?
Eða var það Ffeigðin, sem Gkallar að Cmér?
Eða var það Ffeigðin, sem Gkallar að Cmér?

### Frost er úti

DFrost er G7úti    Dfuglinn G7minn
ég Dfinn hvað Aþér er Dkalt.
Nærðu G7engu í Dnefið G7þitt
því Dnú er Afrosið Dallt.
En ef þú bíður augnablik
ég G7ætla að flýta Dmér  A
og Dbiðja G7hana Dmömmu
Amína
um Dmylsnu Ahanda Dþér.



### Máninn hátt á himni skín



AmMáninn hátt á
himni skín,
hrímfölur og Egrár.
AmLíf og tími líður
og liðið er nú Gár.

Bregðum Amblysum á loft
bleika lýsum Egrund.
AmGlottir tungl og hrín við hrönn
og FhraðE7fleyg er stund.

### Nú er úti norðanvindur

DNú úti norðan vindur,
nú er hvítur AEsjutindur.
Ef ég ætti úti kindur
mundi' ég setja þær Dallar inn,
Aelsku besti Dvinur minn.

Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassaAsa
Úmbarassa, úmbarassa, A7úmbarassaDsa

DUpp er runninn öskudagur,
ákaflega Askýr og fagur.
Einn með poka ekki ragur
úti vappar Dheims um ból.
AGóðan daginn, Dgleðileg jól.

Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassaAsa
Úmbarassa, úmbarassa, A7úmbarassaDsa

## Nú gaman, gaman er

Nú gaman, gaman er
í góðu veðri að leika sér
og fönnin hvít og hrein
og hvergi sér á stein.
Ó já, húrra, tra-la.
Svo bind ég skíði' á fiman fót
og flýg um mó og grjót.
Húrra, húrra, húrra.
Ó já, húrra, tra-la.
Svo bind ég skíði' á fiman fót
og flýg um mó og grjót.
Húrra, húrra, húrra.



## Þorraþræll

Nú er frost á Fróni,
frýs í æðum blóð,
kveður kuldaljóð
Kári í jötunmóð.
Yfir laxalóni
liggur klakaþil,
hlær við hríðarbyl
hamragil.
Mararbára blá
brotnar þung og há
unnarsteinum á,
yggld og grett á brá.
Yfir aflatjóni
æðrast skipstjórinn,
harmar hlutinn sinn
hásetinn.



*Hljómar : C-F-G*

## Ó hangikjöt

Ó, hangikjöt, ó, hangikjöt,og rófustappa,
grænar baunir, súrhvalur!
Ó hangikjöt, ó, hangikjöt,og sviðasulta,
hrútspungar og harðfiskur!
Og hákarl, og flatbrauð!
Mér finnst svo gott að borða allan þennan mat!
Og hákarl, og flatbrauð!
Mér finnst svo gott að borða allan þennan mat!



# Vorlög

## Fatavísur

Sumar fötin, sumarfötin
setjum inn í skáp.
Geymum þau í vetur
og klæðum okkur betur.
sumar fötin, sumar fötin
setjum inn í skáp.



Þykku fötin, þykku fötin
þykja best í snjó.
Þegar út við þjótum
og karl úr snjó við mótum.
Þykku fötin, þykku fötin
þykja best í snjó.

Polla fötin, polla fötin
puðumst við nú í.
Úti regnið bylur
stétt og steina hylur
Polla fötin, polla fötin
puðumst við nú í.



## Lóan er komin

Lóan er komin að kveða burt snjóinn,
að kveða burt leiðindin, það getur hún.
Hún hefur sagt mér að senn komi spóinn,
sólskin í dali og blómstur í tún.
Hún hefur sagt mér til syndanna minna,
ég sofi of mikið og vinni ekki hót.
Hún hefur sagt mér að vaka og vinna
og vonglaður taka nú sumrinu mót.

*Hljómar C-F-G*

## Maístjarnan

Ó hve létt er þitt skóhljóð
ó hve lengi ég beið þín,
það er vorhret á glugga,
napur vindur sem hvín,
en ég veit eina stjörnu,
eina stjörnu sem skín,
og nú loks ertu komin,
þú ert komin til mín.

Það eru erfiðir tímar,
það er atvinnuþref,
ég hef ekkert að bjóða,
ekki ögn sem ég gef,
nema von mína og líf mitt
hvort ég vaki eða sef,
þetta eitt sem þú gafst mér
það er allt sem ég hef.



En í kvöld lýkur vetri
sérhvers vinnandi manns,
og á morgun skín maísól,
það er maísólin hans,
það er maísólin okkar,
okkar einingarbands,
fyrir þér ber ég fána
þessa framtíðarlands.

## Vorvindar glaðir

EmVorvindar glaðir,
Gglettnir og hraðir
B7geysast um löndin
Emrétt
eins og B7börn.

GHjartað mitt litla
Dhlustaðu á;
Emhóar nú smalinn
B7brúninni frá.

EmLækirnir skoppa,
Ghjala og hoppa,
B7hvíld er þeim nóg
í Emsæ eða tjörn.

EmFossbúinn kveður,
Gkætir og gleður.
B7Frjálst er í fjallaEmsal.

## Með vindinum þjóta



Með vCindinum þjóta
skúraský,

drýpur dGrop, drop, drop,

drýpur dCrop, drop, drop,

Cog droparnir hníga og detta' á ný,

drýpur dG7rop, drop, drop,

drýpur dCrop, drop, drop,

Nú smáCblómin vakna' eftir vetrarblund,

drýpur dGrop, drop, drop,

drýpur dCrop, drop, drop,

Cþau augu sín opna er grænkar grund,

drýpur dG7rop, drop, drop,

drýpur dCrop, drop, drop,

## Sá ég spóa

Sá ég spóa suð'r í flóa,
syngur lóa út í móa.
Bí, bí, bí, bí.
Vorið er komið víst á ný.



### Vertu til

Vertu til
er vorið kallar á þig,
vertu til
að leggja hönd á plóg.
Komdu út
því að sólskinið vill sjá þig
sveifla haka
og rækta nýjan skóg,
sveifla haka
og rækta nýjan skóg.

### Skýin

Við Cskýin felum ekki sólina af illgirni,

við skýin erum bara að kíkja á leiki Gmannanna.

Við skýin sjáum ykkur hlaupa, úúúíí.

Í rokinu

Klædd gulum rauðum grænum bláum regnkápum,

Eins og Cregnbogi Gmeistarans.

Cregnbogi Gmeistarans.

Við Fskýin erum bara Ggrá, bara grá.

Á Fmorgun kemur Csólin

hvar Bbverðum við skýin Eþá?

Við Cskýin felum ekki sólina af illgirni,

við skýin erum bara að kíkja á leiki Gmannanna.

Við skýin sjáum ykkur hlaupa, úúúíí.

Í rokinu

Klædd gulum rauðum grænum bláum regnkápum,

Eins og Cregnbogi Gmeistarans.

Cregnbogi Gmeistarans.

Við Fskýin erum bara Ggrá, bara grá.

Á Fmorgun kemur Csólin

hvar Bbverðum við skýin Eþá?

Hvar Eþá? (Hvar þá?) - Hvar þá? (Hvar þá?)

Hvar B7þá? (Hvar þá?) - Hvar Eþá? (Hvar þá?)

Hvar Eþá? (Hvar þá?) - Hvar þá? (Hvar þá?)

Hvar B7verðum við skýin Eþá?

# Sumarlög

## Með sól í hjarta

Með sól í hjarta og söng á vörum
við setjumst niður í grænni laut
Í lágu kjarri við kveikjum eldinn
kakó hitum og eldum graut.

Enn logar sólin á Súlnatindum
og senn fer nóttin um dalsins kinn.
og skuggar lengjast og skátinn þreytist
hann skríður sæll í pokann sinn.

Og skáta dreymir í værðarvoðum
um varðeld, kakó og nýjan dag.
Af háum hrotum þá titra tjöldin
í takti einmitt við þetta lag.

## Nú er sumar

Nú er sumar,
gleðjist gumar,
gaman er í dag;
brosir veröld víða,
veðurlagsins blíða
eykur yndishag.

Látum spretta
spori létta,
spræka fáka nú;
eftir sitji engi,
örvar víf og drengi
sumarskemmtun sú.

Tíminn líður,
tíminn býður
sælan sólskinsdag.
Yndi er úti á grundum,
yndi, heim þá skundum,
seint um sólarlag.



## Signir sól

CSignir sól G7sérhvern hól.
CSveitin klæðist G7geislakjól.
CBlómin blíð, G7björt og fríð,
Cblika G7fjalls í Chlíð.

G7Nú er fagurt flest í dag.
CFuglar syngja gleðibrag.
Sumarljóð, G7sæl og rjóð,
Csyngja G7börnin Cgóð.

## Sól sól skín á mig

*viðlag*
Sól, sól skín á mig,
ský, ský burt með þig.
Gott er í sólinni að gleðja sig,
sól sól skín á mig.

Sólin er risin, sumar í blænum,
sveitirnar klæðast nú feldinum grænum.
Ómar allt lífið af ylríkum söng,
unaðsbjörtu dægrin löng.

*viðlag*

## Sólargeislalagið (Sól úti, sól inni)



Sól úti, sól inni
sól í hjarta, sól í sinni.
Sól meiri sól.

## Út um mela og móa

Út um mela og móa
syngur mjúkrödduð lóa
og frá sporléttum spóa
heyrist sprellfjörugt lag.

viðlag
A-a-a
hollera hahia hollerahaha húhú,
hollera hahia hollerahaha húhú,
hollera hahia hollerahaha húhú,
hollera hahia hó.



Út um strendur og stalla
hlakkar stór veiðibjalla,
heyrið ómana alla
yfir flóa og fjörð.

viðlag

Hérna er krían á kreiki,
þarna er krumminn á reiki.
Börnin léttstíg í leiki
fara líka í dag.

viðlag

*Hljómar C og G*

# Haustlög



## Droparnir

Dl, dl,dl,dl segja droparnir við pollinn,
dl,dl,dl,dl segja droparnir við pollinn
og þeir stinga sér í kaf
og breyta pollinum í haf.





Hljómar: D-G– C-D-G

## Hvert er horfið laufið

Hvert er horfið laufið sem var grænt í gær?
Þótt ég um það spyrji verð ég engu nær.
Blöðin grænu hafa visnað,orðin gul og rauð.
Ef ég horfi miklu lengur verður hríslan auð.

Nú er ís á vatni sem var autt í gær.
Yfir landið hélugráum ljóma slær.
Ég brýt heilann um það, segðu mér hvað heldur þú,
kemur haustið fyrst á morgun, er það komið nú?

## Labba í mónum

Labba' úti´í mónum,labba' úti' í mónum,
tína ber, tína ber,
verða kalt á klónum, verða kalt á klónum,
hlaupa, hlaupa heim, hlaupa, hlaupa heim.

Klifra í klettunum,klifra í klettunum,
litast um, litast um,
verða kalt á kollinum, verða kalt á kollinum,
hlaupa, hlaupa heim, hlaupa, hlaupa heim.

Fara á skautum, fara á skautum,
renna hratt, renna geysihratt,
verða kalt á tánum, verða kalt á
tánum,
hlaupa, hlaupa heim, hlaupa,
hlaupa heim.



Róa til fiskjar, róa til fiskjar,
renna' og draga þorsk, renna' og draga þorsk.
Háar eru bárurnar, háar eru bárurnar,
best að halda heim, best að halda heim.

Börnin hafa ákveðið heimasvæði. t. d. upp við einhvern vegg-inn.
Kennari eða einhver sem kann allar vísurnar fer á undan (afturábak) út á gólfið og syngur vísurnar. Nemendur læra þær fljótt. Nú svo er
allt leikið, tína ber, klifra í klettum, fara á skautum og róa. Það vekur alltaf talsverða kæti ef einhverjir ætla að hlaupa heim af sjónum, en auðvitað verða þau að muna að ganga afturábak og róa.

## Litli Siggi

( lag:Allir krakkar)

Litli Siggi, litla Sigga
löbbuðu út í mó.
Bæði ber að tína
í berjafötu sína.
Það var gaman, það var gaman.
Hopp og hæ og hó.

Litli Siggi, litli Siggi
litla þúfu fann.
Blessuð berin ljúfu
byrgðu alla þúfu.
Eitt af öðru, eitt af öðru
upp í munninn rann.

Litla Sigga, litla Sigga
lítinn bolla sá.
En sá litaljóminn,
litlu fögru blómin.
Þau ég tíni, þau ég tíni,
þau skal mamma fá.

Heim þau gengu, heim þau
gengu,
heldur kát og rjóð.
Buðu ber að smakka,
börnunum allir þakka.
Allir segja, allir segja:
"Ögn eru berin góð."



## Sumri hallar

Sumri hallar hausta fer,
heyri snjallir ýtar:
Hafa fjallahnúkarnir,
húfur mjallahvítar.

Girnast allar elfur skjól
undir mjallarþaki
Þorir varla´ að sýna sól
sig að fjallabaki



# Jólalög

## Á jólunum er gleði og gaman

:/: Á jólunum er gleði og gaman
fúm , fúm, fúm. :/:
:/:Þá koma allir krakkar með
í kringum jólatréð,
þá mun ríkja gleði og gaman,
allir hlæja' og syngja saman
fúm, fúm, fúm.:/:

:/:Og jólasveinn með sekk á baki
fúm, fúm, fúm.:/:
:/:hann gægist inn um gættina
á góðu krakkana,
þá mun ríkja gleði o.s.frv.:/:

:/:Á jólunum er gleði og gaman
fúm, fúm, fúm,:/:
:/: þá klingja allar klukkur við
og kalla á gleði og frið,
þá mun ríkja gleði o.s.frv.:/:

## Adam átti syni sjö

GAdam átti Dsyni sjö,

sjö Gsyni Dátti GAdam.

Adam elskaði Dalla þá,

og Gallir Delskuðu GAdam.

Hann Gsáði, hann Gsáði.

Hann Gklappaði Dsaman Glófunum,

hann stappaði Dniður Gfótunum,

Hann ruggaði Dsér í GlenduCnum

og A7sneri Dsér í Ghring.

## Bráðum koma blessuð jólin

CBráðum koma Dmblessuð G7jólin

Dmbörnin fara' að G7hlakka Ctil.

CAllir fá þá Dmeitthvað G7fallegt,

Dmí A7það Dmminnsta Ckerti' G7og Cspil.

CKerti' og spil, Amkerti' og spil

Cí það minnsta G7kerti' og Cspil.

CHvað það verður Dmveit nú G7enginn,

Dmvandi er um G7slíkt að Cspá.

CEitt er víst að Dmalltaf G7verður

Dmákaf A7leg Dma Cgam G7an Cþá.

CGaman þá, Am gaman þá

Cákaflega gamG7an Cþá.



## Dansaðu vindur

CKuldinn,G hann kemur um Cjólin

með Fkolsvarta Cskugga. G C

CKrakkarnir Gkúra í Cskjóli

hjá Fkerti í Amglugga.Asus2 Am

FVindur, já Gdansaðu Cvindur,

er Fvetur og Ckuldi gefa Enýjan Amþrótt.

FVindur, já Gdansaðu EvindAmur,

Fvertu áC sveima' um kalda GjólaCnótt. F
C G C

CNúna Gnístir í Csnjónum

um Fnóttina Csvörtu, G C

Cnærast á Gtakti og Ctónum

Ftitrandi Amhjörtu.Asus2 Am

FVindur, já Gdansaðu Cvindur,

er Fvetur og Ckuldi gefa Enýjan Amþrótt.

FVindur, já Gdansaðu Evin Amdur,

Fvertu áC sveima' um kalda GjólaCnótt.

FVindur, já Gdansaðu Cvindur!

Að Fvetri fá Cbörn að finna EhúsasAmkjól.

FVindur, já Gdansaðu EvindAmur!

FVeturinn Cfærir börnum Gheilög Cjól. F
C G C

CÚti fær Gvindur að Cvalda

Fvoldugum Ctónum. G C

CNúna Gnötrar af Ckulda

Fnóttin í Amsnjónum Asus2 Am

FVindur, já Gdansaðu Cvindur!

Að Fvetri fá Cbörn að finna EhúsasAm-
kjól.

FVindur, já Gdansaðu EvindAmur!

FVeturinn Cfærir börnum Gheilög Cjól.

F G C F C E Am

FVindur, já Gdansaðu EvindAmur!

FVeturinn Cfærir börnum Gheilög Cjól.

F C G C

## Ég sá mömmu kyssa jólasvein

Ég sá mömmu kyssa jólasvein
við jólatréð í stofunni í gær.
Ég læddist létt á tá
til að líta gjafir á,
hún hélt ég væri steinsofandi Stínu dúkku
hjá.

Og ég sá mömmu kitla jólasvein
og jólasveinninn út um skeggið hlær.
Já, sá hefði hlegið með
hann faðir minn, hefði hann séð
mömmu kyssa jólasvein í gær.



## Eitt lítið jólalag

Dm C/E F Dm/A G

GEitt lítið Cjólalag

Gum léttan Cjóladag

og C7allt sem Fjólin Dm7gefið hafa Gsus4mér G

og ég bið að Dm7jólin gefa muni þér Gþér.

GEitt lítið Cjólatré

Gog lítið Cjólabarn

og C7það sem Fjólin Dm7þýða fyrir Gsus4mig G

og ég vona´að Dm7jólin þýði fyrir Gþig G. E7

Am7Í myrkri og kulda´ er gott að Dm7hlýja sér

Gvið draum um ljós og G7betri Emhei Amm
Dm C/E F Dm/A G

GOg nýja Cjólaskó

Gog hvítan Cjólasnjó

og C7þá Fsælu Dm7og þann frið og Gsus4ró
G

er við Dm7syngjum saman hæ ogGhó.

Am7Í myrkri og kulda´ er gott að Dm7hlýja sér

Gvið draum um ljós og G7betri Emhei Amm
Dm C/E F Dm/A G

GOg lítið Cjólalag

Gog léttan Cjóladag.

Gog lítið Cjólatré

Gog lítið Cjólabarn

GOg nýja Cjólaskó

Gog hvítan Cjólasnjó

Gog fallegt CjólaljósG

## Gekk ég yfir sjó og land

Gekk ég yfir sjó og land,
hitti þar einn gamlan mann.
Sagði hann og spurði svo
“hvar áttu heima?”
Ég á heim’ á Klapplandi,
Klapplandi, Klapplandi
Ég á heim’ á Klapplandi,
Klapplandinu góða.

Gekk ég yfir sjó og land,
hitti þar einn gamlan mann
Sagði hann og spurði svo
“hvar áttu heima?”

Ég á heim’ á Stapplandi…

Ég á heim’ á Hopplandi

Ég á heim’ á Hlælandi

Ég á heim’ á Grátlandi

Ég á heim’ á Hvísllandi

Ég á heim’ á Íslandi



## Í skóginum stóð kofi einn

Í Cskóginum stóð G7kofi einn,

sat við gluggann Cjólasveinn,

þá kom lítið Dmhéraskinn,

sem Cvildi G7komast Cinn:

"Jólasveinn ég Dmtreysti' á þig,

því G7veiðimaður Cskýtur mig."

Am"Komdu litla Dmhéraskinn,

því Cég er G7vinur Cþinn."



En Cveiðimaður G7kofann fann,

og jólasveininn Cspurði hann:

"Hefur þú séð Dmhéraskinn

Chlaupa' um G7hagann Cþinn?"

"Hér er ekkert Dmhéraskott.

G7Hypja þú þig Chéðan brott."

AmVeiðimaður Dmburtu gekk,

og Cengan G7héra Cfékk

